

Trio Nordica
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum

Priðjudaginn 20. júní 1995 kl. 20:30

Efnisskrá

Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari er fædd árið 1965 í Reykjavík. Hún hefur komið fram víða sem einleikari og í kammermúsík á alþjóðlegum vettvangi, meðal annars í Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada, Japan og Kína. Hún hlaut verðlaun fyrir framúrskarandi árangur á hinni alþjóðlegu tónlistarhátið í Tanglewood árið 1985 og 1988 hlaut hún fyrstu verðlaun í The Schubert Club Music Competition. Árið 1991 var hún valin borgarlista-maður Reykjavíkurborgar til þriggja ára.

Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari fæddist árið 1964. Hún hefur komið fram sem einleikari og kammermúsíkant í Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada og Japan. Hún tekur reglulega upp fyrir útvarp og sjónvarp og hefur leikið inn á geisladiska. Árið 1992 hlaut hún fyrstu verðlaun í Tónvakakeppni Ríkisútvarpsins, og árið 1993 voru henni úthlutuð starfslaun listamanna til þriggja ára frá Menntamálaráðuneytinu.

Mona Sandström píanóleikari er fædd árið 1966 í Svíþjóð. Tólf ára gömul kom hún fram sem einleikari með sinfóníuhljómsveitinni í Norrköping. Hún lauk einleikaraprófi frá Síbelíusar Akademíunni í Helsinki árið 1987. Mona Sandström hefur leikið með mörgum af helstu hljómsveitum í Svíþjóð og hefur leikið einleik og kammermúsík víða í Evrópu.

Trio Nordica var stofnað árið 1993 hefur leikið víðs vegar um Evrópu og í Bandaríkjunum við frábærar undirtektir.

Johannes Brahms
(1833 - 1897)

Píanótríó í c-moll op. 101 no. 3
Allegro energico
Presto non assai
Andante grazioso
Allegro molto

Ludwig van Beethoven
(1770 - 1827)

Píanótríó op. 70 no. 2
Poco sostenuto
Allegro ma non troppo
Allegretto
Allegretto ma non troppo
Allegro